

Ed.

537. Frumvarp til laga

[162. mál]

um heimild til sölu jarðeigna í opinberri eigu.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að selja ábúanda Kleppustaða í Hrófbergshreppi í Strandasýslu eyðijörðina Aratungu í sama hreppi fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta.
2. Að selja Guðjóni Guðmundssyni hreppstjóra að Eyri í Ingólfssfirði í Strandasýslu eyðijörðina Engjanes í Árneshreppi í sömu sýslu fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta.

Enn fremur heimilast Skógrækt ríkisins að selja Birni Jóhannssyni bónda á Skriðufelli land jarðarinnar Skriðufells milli Hvammsár, Sandár, Selgils og Þrengslagils, enda samþykki ríkisstjórnin kaupverðið eða það sé ákveðið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.